



284. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 16. ágúst 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

Samþykkt að taka inn með afbrigðum á dagskrá lið 5.2. erindi sýslumanns Snæfellinga varðandi umsögn um tækifærisleyfi Umf. Snæfells bryggjuball á Stykkinu.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

- 1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 487, dags. 09.08.2012.
Fundagerð framlögð.

Liður 2 fundagerð Hafnarstjórnar, dags.28.06.2012 (66. fundur)
Fundagerð framlögð.

Liður 2 Umsókn barst frá Sæferðum um uppsetningu á auglýsingarskilti við Stykkisbryggju. Skiltið er 2 x2 metrar á 80cm. undirstöðum. Skiltið skyldi staðsett vinstramegin á leiðinni út á Stykkisbryggju. Skipulags- og byggingarnefnd tók jákvætt í uppsetningu skiltisins við endann á brúnni út í Stykki. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar. Hafnarstjórn leggur til að Sæferðum verði veitt leyfi til uppsetninga á skilti tímabundið þar til deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæði hefur verið lokið.

Samþykkt að Sæferðum verði veitt leyfi til uppsetningar á skilti tímabundið þar til deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæði hefur verið lokið.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Lárus situr hjá vegna tengsla.

Liður 3.3 Formaður lagði fram tillögu um að Landeyjarsundið yrði dýpkað. Leggur hann til að framkvæmd verði forkönnun á kostnaði vegna dýpkunarinnar.



Samþykkt að fela bæjarstjóra að láta athuga kostnað vegna dýpkunar Landeyjarsunds.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 3 fundargerð stj. Dvalarheimilis aldraðra, dags.12.06.2012 (65.fundur)

Fundargerð framlögð og samþykkt með athugasemdum að bæjarstjórn skipar fulltrúa í nefndir.

Bæjarstjórn þakkar Elínu G. Pálsdóttur vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Liður 4 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 09.07.2012 (151. fundur)

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Deiliskipulag reitur B við Frúarstíg. Breyting á deiliskipulagi.

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Skólastíg nr. 1, 4, 5, 6 og 8. Engar athugasemdir bárust en óskað eftir að fella úr skilmálum að útveggir hússins geti m. a. verðið múrhúðaðir að utan.

Nefndin leggur til að deiliskipulagstillaga verði samþykkt. Jafnframt verði fellt úr skilmálum deiliskipulagsins að hús geti veri m.a. múrhúðað að utan.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GS

Liður 2 Skúlagata 21, breyting á útveggjaklæðningu og gluggum.

Magnús A. Sigurðsson sækir um leyfi til að fjarlægja plastklæðningu á útveggjum fyrir litaða bárujárnsklæðningu og endurnýja nokkra glugga sbr. bréf dags. 27.júní 2012.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Aðalgata, vegstæði, framkvæmdaleyfi.

Stykkishólmsbær sækir um leyfi til að hefja vinnu á 20m löngum vegkafla á mótis við Aðalgötu/Tjarnarás, sbr. teikningar frá Verkís dags. 15.06.2012.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS,DS og LÁH

Liður 4 Hafnargata 5, Norska húsið. Staðsetning á skilti.
Alma Dís Kristinsdóttir sækir um f.h. Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla um leyfi til að staðsetja upplýsingaskilti 99,5x73,5 m austan megin við húsið í bæjarlandi. Skiltið mun standa á opnunartíma safnsins, frá sa. 1. maí til 30. september ár hvert.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Laufásvegur 10, breytingar á útliti.
Anna Margrét Ólafsdóttir sækir um f.h. meðeiganda að endurnýja glugga ásamt að setja svalahurð á neðri hæð hússins, sbr. tölvupóst dags. 5.07.2012.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Silfurgata 43, endurnýjun og hækkun á þaki.
Páll Þorbergsson sækir um að endurnýja þak og hækka, sbr. teikningu frá Guðmundi Óskarssyni dags. júní 2012.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 Nýrækt, viðbygging á fjárhúsi.
Þorsteinn Jónasson sækir um að byggja við núverandi fjárhús á Nýræktarsvæði, sbr. teikningar frá Benedikt Benediktssyni dags. 1.07.2012.
Erindi frestað þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu. Nefndin leggur til að þeirri vinnu verði hraðað.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 8 Aðalgata 20, innkeyrsla og ljósastaur.
Gunnar Einarsson/Bjargey ehf, sækir um f.h. húseigenda Aðalgötu 20 að gangstétt verði lækkuð fyrir framan húsið til að breikka innkeyrslu. Og að ljósastaur verði færður að lóð Aðalgötu 22, sbr. tölvupóst dags. 9.07.2012.
Erindi samþykkt.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 9 Ægisgata 11, útbyggður gluggi.

Lagt fram bréf frá Sverri Kristjánssyni um að byggja útbyggðan glugga í rými sem kallast bátaskýli sbr. uppkast teiknað af umsækjanda og bréf dags. 1.07.2012. Einnig er getið á um í bréfinu að erindi hans hafi ekki verið sinnt heldur frestað ítrekað og hefur hann nú „stíllt“ upp burðavirki fyrir glugganum á lóðinni, sbr. innsendar ljósmyndir.

Á fundi skipulags- og bygginganefndar haldinn þann 5. desember 2011 var erindið frá Sverri Kristjánssyni lagt fyrir með eftirfarandi afgreiðslu. „Veggur á lóðarmörkum verði brunaveggur. Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar þarf að liggja fyrir áður en samþykki er veitt“.

Byggingarfulltrúi sendi bréf til Sverris um afgreiðslu fundarins þann 9. desember 2011. Umsækjandi hefur ekki orðið við þeirri kröfu að skila inn teikningum sem eru í samræmi byggingarreglugerð og afgreiðslu nefndarinnar á erindi um brunavegg á lóðarmörkum. Þar af leiðandi hefur kynning á erindi fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóðar ekki farið fram. Umsækjandi hefur nú þegar hafið framkvæmdir án leyfis og ber að fjarlægja “uppstillinguna“ nú þegar.

Bæjarráð samþykkir að gefa eiganda frest til að skila inn fullnægjandi gögnum fyrir 1. október 2012, að öðrum kosti beri honum að fjarlægja „uppstillinguna“.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 12 Skiltareglugerð, breyting.

Nefndin leggur til að reglugerðin verði endurskoðuð.

Bæjarráð samþykkir að endurskoða skiltareglugerð Stykkishólmsbæjar. Bæjarstjóra og byggingarfulltrúa falið að koma með tillögu að nýrri reglugerð.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 26 viljayfirlýsing um endurskipulagningu og innréttingu húseigna HVE í Stykkishólmi, dags. 04.07.2012.

Framlagt.

Gretar D. Pálsson bendir á að leggja þurfi erindi til bæjarstjórnar til samþykktar.

Viljayfirlýsing um endurskipulagningu og innréttingu húseigna HVE í Stykkishólmi samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



Liður 29 bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags.26.06.2012 varðandi fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag.
Bæjarstjóra falið að sækja um 10 vikna frest til að svara Eftirlitsnefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 bréf Smalahundafélags Íslands, dags.06.06.2012 varðandi styrktarbeiðni vegna landskeppni Smalahundafélags Íslands.
Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 tölvupóstur formanns Héraðsnefndar dags. 10.07.2012 varðandi fjallskilasamþykkt fyrir umdæmi sýslumanns Snæfellinga.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi drög.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 tölvupóstur frá Inga Þ. Steinþórssyni, þjálfara kkd. Snæfells dags. 28.6.2012 varðandi beiðni um styrk til handa Stefáni Karel Torfasyni v ferðar á vegum 18 ára unglíngalandsliðs Íslands í ágúst.
Samþykkt að veita Stefáni Karel Torfasyni 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 tölvupóstur Leikfélagsins Grímnis dags. 28.6.2012 varðandi Silfurgötu 7 (Hljómskálann).
Bæjarstjóra falið að svara bréfitara.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS og LÁH

Liður 34 tölvupóstur Ljósboga, kvikmyndagerðar, dags. 27.6.2012 varðandi beiðni um styrk til framleiðslu á heimildarþáttum um einelti.
Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga dags. 17.06.2012 varðandi rekstrarleyfi fyrir gististað að Lágolti 11.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir heimagistingu að Lágolti 11 að uppfylltum skilyrðum. Davíð Sveinsson situr hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð situr hjá vegna tengsla.

Liður 36 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga dags. 24.7.2012 varðandi umsókn um leyfi fyrir gististað að Þvervegi 12.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir gististað/íbúð að Þvervegi 12 að uppfylltum skilyrðum.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 37 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga dags.30.7.2012 varðandi umsögn um tækifærisleyfi Umf. Snæfells í íþróttamiðstöðinni.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum. Davíð Sveinsson situr hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð situr hjá vegna tengsla.

Liður 38 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga varðandi umsókn um leyfi til að reka gististað, íbúð að Skólastíg 21.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir gististað/íbúð að Skólastíg 21 að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 39 tölvupóstur Umf. Snæfells, kkd. dags. 2.8.2012 varðandi leigu á íþróttamiðstöð 18. ágúst nk. vegna tónleika.

Samþykkt að heimila stjórn Körfuknattleiksdeildar Snæfells að vera með tónleika í íþróttamiðstöð 18. ágúst nk. Davíð Sveinsson situr hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð situr hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: GDP,GS,DS og LÁH

Liður 40 malbikun bílastæðis við Stykkishólshöfn

Samþykkt að malbika bílastæði við Stykkishólshöfn.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 43 gjaldskrá Vatnasafns.

Framlögð tillaga að gjaldskrá Vatnasafns samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GS

Liður 44 tillaga um lækkun gatnagerðargjalda.

Við undirritaðir leggjum til að gatnagerðargjöld á eftirtöldum lóðum verði með 50% afslætti miðað við gjaldskrá viðkomandi lóða. Tilboðið gildir í eitt og hálf ári frá samþykkt.

Lóðirnar eru: Laufásvegur 19,
Hjallatangi 1,3,9,13,15,17,19,28
Móholt 2,4,14,16
Neskinn 3,5
Sundabakki 2

Gjald vegna uppfyllingar á Hjallatanga 28 verði felld niður.



Greinargerð:

Þar sem mikil sala hefur verið á íbúðarhúsnæði að undanfögnu og mikill húsnæðisskortur er teljum við rétt að reyna að hvetja til húsbýgginga. Aðgerðirnar geta einnig stuðlað að eflingu byggingariðnaðarins í Stykkishólmi. Flestar þessar lóðir hafa verið lausar lengi við götur sem eru tilbúnar og er því ekki mikill viðbótarkostnaður við úthlutun þeirra.

Davíð Sveinsson

Egill Egilsson

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 45 fyrirspurn frá Gretari D. Pálssyni: Hver er kostnaður vegna fleygunar og fyllingar við plan framan við Nesveg 11 og 13?

Bæjarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi kostnaði vegna verksins.

Nesvegur 11	Án vsk.	Vsk.	Alls
Plata tekin	307.797	78.488	386.285
Fleygun	402.398	102.611	505.009
Flutningur á efni í burtu	378.320	96.472	474.792
Grús á planið	231.000	58.905	289.905
	1.319.515	336.476	1.655.991

Liður 46 fyrirspurn frá Gretari D. Pálssyni: Hefur Stykkishólmsbær komið að undirbúningi, eða hefur bærinn samþykkt einhverjar framkvæmdir í tengslum við kvikmynd Ben Stillers?

Bæjarstjóri gerði grein fyrir helsta undirbúningi, en kostnaður verður greiddur af framleiðendum kvikmyndarinnar, ef af honum verður.

Til máls tóku: GS,GDP,LÁH og DS

Liður 47 fyrirspurn frá Gretari D. Pálssyni: Hver er áætlaður heildarkostnaður Stykkishólmbæjar vegna mögulegs flutnings dvalarheimilis Stykkishólms í St. Fransickussjúkrahúsið?

Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að teikningar liggja fyrir á næstu vikum og kostarmat á framkvæmdum verða ljósar í framhaldi af því.

Til máls tóku: GS,GDP,DS og LÁH

Liður 48 Bókun: Undirritaður harmar uppsögn Eydísar Eypórsdóttur úr starfi íþróttá- og tómstundafulltrúa sem hún hefur gegnt af miklum sóma. Undirritaður skorar á meirihlutann og bæjarstjóra að taka upp viðræður við



Eydísi um verkefni íþróttá- og tómstundafulltrúa, launakjör og vinnuaðstöðu með endurráðningu hennar í huga.
Gretar D. Pálsson

Bókun:

Verkefni og starf íþróttá- og tómstundafulltrúa voru skilgreind á árinu 2008 og launakjör þá ákvörðuð. Á árinu 2011 var starfið endurmetið í gegnum starfsmatskerfi sem launanevnd sveitarfélaga hefur innleitt fyrir sveitarfélög á Íslandi. Leiddi endurnýjað starfsmat af sér 3ja launaflokka hækkun. Íþróttá- og tómstundafulltrúi Stykkishólmsbæjar sagði upp starfi sínu frá 1.6.2012 og mun láta af störfum 1.9.2012. Viljum við þakka starfsmanninum góð samskipti og ánægjulegt samstarf. Óskum við henni velfarnaðar í framtíðinni.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Egill Egilsson

Vegna bókunar Gretars D. Pálssonar á síðasta bæjarráðsfundi.

Eydís Eypórsdóttir, íþróttá og tómstundafulltrúi sagði upp störfum þann 1. júní síðastliðinn. Vil ég þakka henni gott samstarf og góð samskipti okkar á milli.

Gyða Steinsdóttir

Til máls tóku: GDP,GS,DS og LÁH

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð Hafnarstjórnar, dags.28.06.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags.12.06.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.3. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 09.07.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

3. Samningar/tilboð

3.1. Drög að leigusamningi vegna líkamsræktaraðstöðu.

Leigusamningur framlagður og samþykktur.

Til máls tóku: GDP,GS og LÁH

4. Kosningar skv. 57. grein samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundasköp bæjarstjórnar nr. 325/2001 (með breytingum 375/2006 og 115/2007).

B. Nefndir til fjögurra ára:

Skólanefnd Tónlistarskóla

Formaður: Þóra Margrét Birgisdóttir í stað Sigurborgar Sturludóttur



aðalmaður: Frestað að tilnefna í stað Unnar Sigmarsdóttur

Safna- og menningamálanefnd

Aðalmaður: Anna María Rafnsdóttir í stað Ólafs Styrmis heitins Ottóssonar

Varamaður: Matthías Þorgrímsson í stað Önnu Maríu Rafnsdóttur

Varamaður: Frestað að tilnefna í stað Þorsteins Eyþórssonar

Jafnréttisnefnd

Formaður: Sæþór Þorbergsson í stað Laufeyjar Hjaltalín

Aðalmaður: Eydís Jónsdóttir í stað Lafeyjar Hjaltalín

Varamaður: Laufey Hjaltalín í stað Eydísar Jónsdóttur

C. Stjórnir til fjögurra ára:

Hafnarstjórn

Aðalmaður: Ingveldur Eyþórsdóttir í stað Hafdísar Björgvinsdóttur

Varamaður: Hafdís Björgvinsdóttir í stað Ingveldar Eyþórsdóttur

Stjórn Dvalarheimilis aldraðra:

Formaður: Hildigunnur Jóhannesdóttir í stað Elínar G. Pálsdóttur

Aðalmaður: Björgvin Guðmundsson í stað Hildigunnar Jóhannesdóttur

Varamaður: Elín Kristinsdóttir í stað Björgvins Guðmundssonar

5. Annað.

5.1. Ársreikningur 2011, Dvalarheimili og þjónustuíbúðir.

Ársreikningur framlagður og samþykktur.

Til máls tóku: GDP, ÞÖJ og LÁH

5.2. Umsögn um erindi sýslumanns Snæfellinga dags.varðandi umsögn um tækifærisleyfi Umf. Snæfells bryggjuball á Stykkisbryggju.

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum. Davíð Sveinsson situr hjá vegna tengsla.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:52

Þór Örn Jónsson